

## **Brunavarnir A-Hún.**

### **Stjórnarfundur 22. október 2003.**

---

Miðvikudaginn, 22. október 2003, kl. 17:00 var haldinn stjórnarfundur Brunavarna A-Hún í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Mætt skv. undirskriftum.

Formaður Brunavarna A-Hún, Guðmundur Ingþórsson setti fundinn og skipaði Jónu Fanneyju, bæjarstjóra fundarritara.

#### **Dagskrá:**

- 1. Brunavarnaráætlun**
- 2. Ársreikningur 2002**
- 3. Önnur mál**

#### **Afgreiðslur.**

##### **1. Brunavarnaráætlun**

Mættur er Guðbjartur Ólafsson en skv. samningi dags. 26.11. 2002 hefur hann tekið það verkefni að sér að leggja grunn að styrkumsókn vegna mengunarviðbragða. Jafnframt kemur fram í samningi þessum að hann vinni að sameiginlegri brunavarnaráætlun fyrir Brunavarnir A-Hún, Höfðahrepp, Húnaþing vestra og Bæjarhrepp. Vísað er í samninginn til nánari upplýsinga.

Skv. Guðbjarti hefur hann heimsótt Brunamálastofnun og nokkur sveitarfélög, þ.á.m. Akureyri til að viðá að sér upplýsingum fyrir gerð mengunarvarnarskýrslu og brunavarnaáætlana. Tjáði hann að málið hefði tafist vegna óviðráðanlegra orsoka. Fram kom að ljúka þyrfti mengunarvarnarskýrslu fyrir áramót en ljóst er að ekki eru skýrar línur frá hendi Brunamálastofnunar hvernig og hvað nákvæmlega eiga að telja fram í skýrslunni vegna mengunarvarnarbúnaðar. Fundarmenn sammála um að fela Guðbjarti að vinna áfram að verkefnunum og að hann ljúki mengunarvarnarskýrslu fyrir áramótin 2003/2004 og að Bragi Árnason, slökkviliðsstjóri verði honum innan handar. Formaður þakkaði innleggið og vék Guðbjartur af fundi.

##### **2. Ársreikningur 2002**

Stefán Á Jónsson, skoðunarmaður reikninga Brunavarna mætti á fundinn en hann ásamt Jóni Sigurðssyni hafa yfirfarið ársreikninginn. Formaður gaf Jónu Fanneyju orðið og fór hún yfir ársreikninginn. Þar kemur m.a. fram að rekstrartekjur ársins eru kr. 1.637.561,- og þar að auki eru framlög aðildarsveitarfélaganna kr. 5.906.000,- Rekstrargjöld ársins nema kr. 7.696.000,- og fjármagnsliðir eru kr. +12.759,- Rekstrarniðurstaða ársins 2002 er því 801.432 og þar af er áfallið orlof starfsmanns kr. 570.966,-.

Að loknum umræðum um reikninginn var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

### 3. Önnur mál.

- a) Aðfaranótt 15. ágúst 2003 var bruni í Draugagili, sorpurðunarstað Blönduóssbæjar. Við slökkvistörf slasaðist einn slökkviliðsmanna. Umræður urðu um bótaskyldu Brunavarna og tryggingarmál. Fundarmenn sammála um að greiða viðkomandi skv. samningi LSS, launafl. 117, laun í 3 mánuði en þá tekur trygging við.
- b) Samþykkt hefur verið að nýta sér styrk Brunamálastofnunar að upphæð kr. 200 þúsund til að senda einn slökkviliðsmanna á námskeið í Svíþjóð. Framlag Brunavarna er áætlað um kr. 70. þús.
- c) Þókun til skoðunarmanna. Fundarmenn samþykkja að skoðunarmönnun verði greiddar kr. 6.000,- vegna reikninga ársins 2002.

Fleira gerðist ekki.  
Fundu slitið kl. 18:15.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Guðmundur Ingbórsson (sign.)  
Erlendur Eysteinnsson (sign.)  
Andrés Leifsson (sign.)  
Bragi Árnason (sign.)